

Áfrýjandi greiði 25 kr. sekt í landssjóð og stefnda 40 kr. í málskostnað.

Sekt og málskostnað ber að inna af hendi innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 19. marz 1917.

Nr. 72/1916.

Carl Sæmundsen & Co.

gegn

Borgarstjóra Reykjavíkur
fyrir hönd bæjarsjóðs.

D ó m u r :

Árið 1915 lagði niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur aukaútsvar til bæjarsjóðs á áfrýjanda Carl Sæmundsen & Co. að upphæð 250 kr., og aftur árið 1916 lagði nefndin aukaútsvar á áfrýjanda að upphæð 400 kr., og féll helmingur þess í gjalddaga 1. apríl nefnt ár, en hinn helmingurinn 1 október. Með því að áfrýjandi ekki greiddi útsvarið fyrir 1915 né heldur fyrri helming útsvarsins 1916, þegar gjöld þessi voru komin í gjalddaga, var þess í tæka tíð krafist fyrir hönd bæjarsjóðsins, að gjöld þessi væru tekin lögtaki hjá áfrýjanda. Eftir að málsaðilar höfðu skriflega borið fram sóknar- og varnarástæður sínar í málinu fyrir fógetarétti Reykjavíkur, úrskurðaði rétturinn 28. ágúst f. á., að hið umbeðna lögtak skyldi fram fara,

og hinn 31. s. m. framkvæmdi rétturinn síðan lög-
takið hjá áfrýjanda fyrir gjöldunum 450 kr., og kostnaði við lögtakið 4 kr. — Lögtaksgerð þessari og undanfarandi úrskurði frá 28. ágúst f. á. hefir Carl Sæmundsen & Co. skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 22. desbr. f. á., og hefir áfrýjandi fengið uppreistarleyfi til málskotsins, dags. 22. janúar þ. á. Eru það kröfur áfrýjanda hér fyrir réttinum, að lögtaksgjörðin verði ónýtt og lögtaksúrskurðurinn úr gildi feldur, og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins. Hins vegar hefir hinn stefndi, borgarstjóri Reykjavíkur fyrir hönd bæjarsjóðsins krafist þess að hinn áfrýjaði úrskurður og lögtakið verði staðfest, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Áfrýjandi telur sér óskilt að greiða aukaútsvar í Reykjavík og færir til þær ástæður að firmað Carl Sæmundsen & Co. eigi ekki lögheimili í Reykjavík, og reki þar enga atvinnu; lögheimili þess sé á Blönduósi og í Kaupmannahöfn; firmað hafi að eins umboðsmann (agent, Pladsagent) í Reykjavík, sem selji vörur fyrir firmað á sama hátt og aðrir umboðsmenn selja hér vörur fyrir firmu, erlend og innlend, og taki á móti vörupöntunum fyrir þess hönd; umboðsmaður þess fái fyrir starfa sinn sumpart mánaðarlaun, sumpart sölupóknun (Provision); þessi umboðsmaður reki atvinnuna, en ekki firmað sjálft; það reki enga atvinnu hér, enda sé það ekki skráð á firmaskrá. Af hálfu stefnda er því hins vegar haldið fram, að áfrýjandi sé hér útsvarsskyldur, með því

að firmað hafi hér umboðsmann, er reki verzlunarviðskifti hér í bænum á þann hátt, að hann leigir skrifstofu og »lager«-herbergi, og hefir þar sýnishornabirgðir, og selur eftir þeim ýmsan varning; ennfremur kaupi hann íslenzkar afurðir, og hafi þessi viðskifti verið rekin í talsverðum mæli nokkur undanfarin ár í nafni og fyrir reikning firmans; sé það þannig vafalaust að firmað reki hér arðsama atvinnu.

Þar sem nú áfrýjandi kannast við það að hann hafi í Reykjavík launaðan umboðsmann, er selji vörur fyrir firmað og taki á móti vörupöntunum, og hefir eigi mótmælt því að umboðsmaðurinn kaupi fyrir firmað íslenzkar afurðir og að þessi viðskifti hafi verið rekin nokkur undanfarin ár í nafni firmans, verður að telja það fullsannað, að áfrýjandi hafi í Reykjavík rekið eða látið reka fyrir sinn reikning arðsama verzlunaratvinnu, er sé aukaútsvarskyld til bæjarsjóðs samkvæmt lögum nr. 18, 19. okt. 1877, 3. gr., og er það í þessu efni þýðingarlaust hvar heimilisfang firmans er talið vera. Samkvæmt þessu voru útsvör þau, sem um er deilt, lögð á áfrýjanda með fullri lagaheimild, og verður fyrir því að staðfesta fógetaréttarúrskurðinn og lögtaksgerðina eftir kröfu stefnda. — Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað, og ákveðst hann 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður og lögtaksgerð staðfestist. Áfrýjandi, Carl Sæmundsen & Co.,

greiði stefnda, borgarstjóra Reykjavíkur, fyrir hönd bæjarsjóðs, 50 kr. í málskostnað, og lúkist upphæðin áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 26. marz 1917.

Nr. 69/1916:

Guðmundur Jónasson
gægn
Vigfúsi Jónssyni.

D ó m u r :

Með skjali dags. 15. sept. 1915 fól Sveinn prestur Guðmundsson í Efri-Múla í Dalasýslu Guðmundi presti Einarssyni í Ólafsvík fullkomið umboð til að selja eign hans, húsið Gimil í Ólafsvíkurverzlunarstað, ásamt hlöðu, fjósi, lóð og túnbletti, er húsinu fylgdi, og ennfremur tún, er síra Sveinn átti í svo kölluðum Mjóadal í Ólafsvíkurlandi. Samkvæmt þessu umboði seldi síra Guðmundur með afsalsbréfi dags. 28. s. m. Vigfúsi Jónssyni snikkara í Keflavík í Neshreppi utan Ennis nefnda húseign með því er henni fylgdi, fyrir 1000 kr., en túnið í Mjóadal seldi hann öðrum manni fyrir 500 kr. Afsalsbréfið fyrir húsinu var fyrirfram innritað til þinglesturs í afsals- og veðmálabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 29. nóv. s. á. og síðan þinglesið á manntalsþingi 6. júní 1916. Húsið Gimil reif kaupandinn, Vigfús Jónsson,